

Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun

21. ágúst — 24. maí

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **LOKAÐ**


Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Páskaopnun;

Skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur
og annar í páskum
opið kl. 10-18 alla dagana.

Aðra daga venjuleg opnun



Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is
eða gogg@gogg.is



Apríl 2019

HVATARBLAÐIÐ

Páskabingó!

Við krakkarnir í 8.-10. bekk í Kerhólsskóla
ætluðum að halda páskabingó þann 11. apríl
klukkan 17:00 í Félagsheimilinu Borg.

Það verður spilað upp á ýmsa vinninga,
meðal annars
páskaegg og gjafabréf.

Það kostar 1000 kr. inn og innifalið er eitt
bingóspjald og súpa.
Hvert aukaspjald kostar 500 kr.

ATH!

Við verðum einnig með til sölu
pizzadeig 500 gr. á 500 kr.





FUNDARGERÐ.

451. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 6. mars 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. febrúar 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. febrúar 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 1. fundar vegna íbúðapings Grímsnes- og Grafningshrepps, 28. janúar 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 172. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 27. febrúar 2019.

Mál nr. 6, 7, 8, 9 og 13 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.




ÁRTANGI

Páskablómin og kryddið færðu hjá okkur



Svo er verið á næsta leiti



Verið hjartanlega velkomin.

Opið alla virka daga frá 10 - 16



669-0108

694-8405

100 ÁRA AFMÆLI

KVENFÉLAGS GRÍMSNESHREPPS

VIÐ VILJUM FÁ ÞIG
MEÐ Í FÖGNUMINN!

MATUR, SKEMMTUN OG BALL
SÍÐASTA VETRARDAG 24. APRÍL
FÉLAGSHEIMILIÐ BORG

MATSEÐILL:

Grafin laxarós á salatbeði

Glóðarsteikt jurtakryddað lambalæri
eða pönnusteikt rauðsprettu

Skýr brulée með karamelluhnetum og rjómatoppi

- SKEMMTIATRÍÐI -
VEISLUSTJÓRI: ANNA MARGRÉT MAGNÚSDÓTTIR

BRIMNES LEIKUR FYRIR DANSI

HÚSIÐ OPNAR KL 19.00 MEÐ FORDRYKK BORDHALD HEFST 19.30
DANSLEIKUR HEFST UM KL 23.00

MIÐASALA Í SÍMA: 781-7220 EÐA Í NETFANCIÐ: HILDURM66@GMAIL.COM

MIÐAVERÐ MATUR OG BALL: 7.900KR

MIÐAVERÐ BALL: 2.900KR



Lögð fram 172. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 27. febrúar 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 6: 1902045 - Brúnavegur 21 L168360;
Brúnavegur 21a og 21b; Stofnun og breytt heiti lóðar.

Fyrir liggur umsókn frá Pálmari Harðarsyni og Agnesi Sigurðardóttur þar sem óskað er eftir að sumarhúsalóðin Brúnavegur 21a L168360, í Grímsnes- og Grafningshreppi verði skipt upp í tvær lóðir eins og þær eru skv. gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar Asgarðs frá árinu 1996. Í deiliskipulaginu eru þær skilgreindar sem lóð 21a og 21b og eru sagðar vera 5100 m² að stærð hvor. Samkvæmt meðfylgjandi hnitasettum lóðarblöðum er lóð 21a 5171,5 m² að stærð og 21b 5059,5 m² að stærð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi beiðni.

Mál nr. 7: 1902044 - Reykjalundur L168273; Breyting á byggingarreit og magni; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn frá Áslaugu Einarsdóttur um breytingu á gildandi deiliskipulagi Reykjalundar L168273 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin fellst í að færa byggingarreit B6 fyrir gestahús til austurs og að heimilt verði að byggja eitt 40 m² gestahús, í stað tveggja 20 m² smáhýsa í gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gerð verði óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu og hefur breytingin engin umhverfisleg áhrif sem geta talist veruleg. Skipulagsfulltrúa er falið að senda tillöguna Skipulagsstofnun til varðveislu og auglýsa breytinguna í B-deild Stjórnartíðinda.

Mál nr. 8: 1902053 - Kerhraun 42 L168917;
Sumarhús með kjallara; Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn frá Þorgeiri Símonarsyni um hvort leyfi fáið til að byggja sumarhús með kjallara á lóðinni Kerhraun 42. L168917, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Lóðin er í miklum halla og er húsið talið falla vel inn í landslag.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi vegna fyrirspurnarinnar, þó með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu grenndarkynningar. Sveitarstjórn telur æskilegt að gerð verði breyting á gildandi deiliskipulagsskilmálum varðandi hæðir húsa.

Mál nr. 9: 1902054 - Krókur L170822; Uppbygging náttúrulaugar; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram fyrirspurn frá Bæringi B. Jónsyni (Glámakím arkitektar) f.h. Suðurdals ehf. þar sem óskað er eftir viðbrögðum sveitarstjórnar við fyrirhuguðum breytingum á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Króks í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin mun fela í sér að minnka umfang deiliskipulags frístundabyggðar en byggja upp affreyingaraðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu á hluta svæðis. Hugmyndir eru uppi um að nýta heitavatnsborholu á svæðinu, gera náttúrulaug/lón upp á ca. 1000 m² og þjónustubyggingu allt að 400 m². Meðfylgjandi gögn eru greinargerð og afstöðumynd af lóni ásamt þjónustubyggingum.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í fyrirspurnina og leggur til að umsækjandi sendi inn tillögu að breytingu á gildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, og breytingu á gildandi deiliskipulagi. Skoða þarf sérstaklega með tilkynningarskyldu vegna mats á umhverfisáhrifum.

Mál nr. 13: 1902003F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 95.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. febrúar 2019.

c) Fundargerð 59. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 27. febrúar 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn óskar eftir að kostnaðarútdeling skv. samþykktum verði tekin til endurskoðunar.

d) Fundargerð oddvitanefndar vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum, 27. febrúar 2019.

Mál nr. 1 og 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.


Girðingarvinna



Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir eftir starfsmanni til að sjá um viðhald á veggirðingum meðfram stofnvegum í sveitarfélaginu. Viðkomandi þarf að hafa kunnáttu til girðingarvinnu og hafa bíl og/eða dráttarvél til umráða.

Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl n.k. og óskast umsóknum skilað skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins eða með tölvupósti á netfangið sveitarstjori@gogg.is





Unglingavinna



*Auglýst er eftir unglingum
14 til 16 ára (8.—10. bekkur)
í vinnuskóla sveitarfélagsins frá
11. júní til og með 26. júlí 2019*



*Tekið er á móti skráningu á
Skrifstofu sveitarfélagsins
eða í síma 480-5500
til 20. apríl n.k.*



Sveitarstjóri

Kótilettukvöld.

Nú er loksins komið aftur að hinum sívinsælu kótilettukvöldum.

24. apríl, síðasta vetrardag.
25. apríl, sumardaginn fyrsta.
og
26. apríl, föstudagskvöld.

Hlaðborð kl. 19:00 – 21:00

Gamaldags kótilettur í raspi með soðnum kartöflum,
grænum baunum, rauðkáli og rabbarbarasultu.

Sama verð og síðast, 3.200 kr.
Borðapantanir í síma 774 7440

Fyrsta trúbadorakvöld Við Faxa verður haldið á skírdag, þann 18. apríl
Hjalli trúbador mun sjá um að halda uppi stemningunni.

Ekki missa af þessu!



*Lögð fram fundargerð oddvitanefndar vegna reksturs
Seyrustaða á Flúðum, dags. 27. febrúar 2019. Eftirfarandi
dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;*

**Mál nr. 1: Tilboð í aðstöðuhús á Seyrustöðum að Flatholti 2,
Flúðum.**

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að tilboði
Landstólpa verði tekið og jafnframt að gengið verði til
samninga við Landstólpa um vinnu við gerð grunns undir
húsið og byggingastjórn á húsinu.*

Mál nr. 2: Gjaldskrá Seyrustaða 2019.

*Lögð fram tillaga að gjaldskrá Seyrustaða fyrir árið 2019.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að
gjaldskrá.*

*Samhliða óskar sveitarstjórn eftir að kostnaðarútteiling skv.
samþykktum verði tekin til endurskoðunar.*

**e) Fundargerð 30. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar
Árnesþings, 12. desember 2018.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**f) Fundargerð 31. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar
Árnesþings, 27. febrúar 2019.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**g) Fundargerð 5. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga,
22. febrúar 2019.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps.

*Á fundinn kom Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps,
Kristrún Urður Harðardóttir, Helga Laufey Rúnarsdóttir og
Guðmundur Björgvin Guðmundsson, ásamt starfsmanni ráðsins,
Gerði Dýrfjörð. Farið var yfir tillögur ráðsins varðandi aukna
opnun í félagsmiðstöðinni, tómstundastyrk og ráðstefnu
ungmennaráða í uppsveitum. Sveitarstjórn þakkar Ungmennaráði
fyrir mikinn áhuga á málefnum samfélagsins og felur oddvita að
vinna málin áfram.*

4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019-2022.

Fyrir liggur útfærsla á viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2019 vegna breytinga á sorphirðu og afsetningu þess í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi viðauka og felur sveitarstjóra að tilkynna hann til viðeigandi aðila.

5. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Fyrir liggur beiðni frá Sveitarfélaginu Árborg um námsvist utan lögheimilissveitarfélags fyrir barn í leikskóladeild Kerhólsskóla.

Sveitarstjórn hafnar námsvistinni þar sem fram kemur í umsókninni að Sveitarfélagið Árborg muni ekki greiða viðmiðunargjald Sambands íslenskra sveitarfélaga með barninu.

6. Húsnæðisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps.

Lögð fram til fyrri umræðu húsnæðisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps 2019-2027. Málinu vísað til seinni umræðu.

7. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Lögð fram til fyrri umræðu drög að breytingum á samþykktum um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi. Málinu vísað til seinni umræðu.


8. Viðauki við verksamning um sorphirðu.

Lagður fram viðauki við verksamning við Gámaþjónustuna um sorphirðu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning og felur sveitarstjóra / oddvita að undirrita verksamning.

9. Tómsundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps.

Tómsundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps tekinn til umræðu. Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN

FEÐGAVERK

Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Trjáskurlun
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga
- Snjómokstur



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfoss

10. Tölvupóstur frá Hildi Magnúsdóttur og Presti Sigurjónssyni þar sem óskað er eftir stofnun lögbýlis að Minni-Borg 2.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Hildi Magnúsdóttur og Presti Sigurjónssyni, dags. 1. mars 2019 þar óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á stofnun lögbýlis að Minni-Borg 2.

Sveitarstjórn mælir með stofnun lögbýlisins. Björn Kristinn Pálmarsson vék sæti við afgreiðslu málsins.

11. Bréf frá formanni framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, Eyþóri Ólafssyni vegna kaupa og endurbóta á fasteigninni við Búðarstíg 22 á Eyrabakka fyrir Byggðasafn Árnesinga.

Grímsnes- og Grafningshreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð á sínum hluta vegna lántöku stofnunar Héraðsnefndar Árnesinga, Byggðasafni Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 100.000.000 kr. til allt að 15 ára.

Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Byggðasafni Árnesinga.

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að ganga frá kaupum á húsnæði Byggðasafnsins á Eyrabakka og endurbótum þess sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Byggðasafns Árnesinga til að breyta ekki ákvæði samþykktar stofnunar sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Grímsnes- og Grafningshreppur selji eignarhlut í Byggðasafni Árnesinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Grímsnes- og Grafningshreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Ingibjörgu Harðardóttur kt. 020371-4639, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

12. Bréf frá Landgræðslu ríkisins vegna afgreiðslu umsóknar Grímsnes- og Grafningshrepps til Landbótasjóðs 2019.

Fyrir liggur bréf frá Landgræðslu ríkisins, dagsett 18. febrúar 2019 þar sem Grímsnes- og Grafningshreppi hefur verið úthlutað styrk að fjárhæð kr. 330.000 úr Landbótasjóði Landgræðslunnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

13. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Brekkum 9, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 28. febrúar 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Brekkum 9, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

14. Bréf frá Agli Péturssyni f.h. Úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna kæru sem borist hefur vegna synjunar sveitarfélagsins um aðgang að gögnum.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Agli Péturssyni f.h. úrskurðarnefndar um upplýsingamál, dags. 20. febrúar 2019 þar sem tilkynnt er um kæru vegna synjunar sveitarfélagsins um aðgang að gögnum um greiðslur kaldvatnsinntaka í Kerhrauni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

15. Tölvupóstur frá Steinari Kaldal, verkefnisstjóra í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem kynntir eru fundarpunktur og fleira af samráðsfundi þverpólískrar nefndar um stofnun þjóðgarðs á hálendinu

Fyrir liggur tölvupóstur frá Steinari Kaldal, verkefnisstjóra í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 18. febrúar 2019 þar sem kynntir eru fundarpunktur og fleira af samráðsfundi þverpólískrar nefndar um stofnun þjóðgarðs á hálendinu. Lagt fram til kynningar.

Frá Skógræktarfélagi Grímsnesinga

Aðalfundur skógræktarfélags Grímsnesinga verður haldinn í Kerhólsskóla
fimmtudaginn 11. apríl kl. 20.00

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kaffiveitingar
- Önnur mál



Stjórn skógræktarfélags Grímsnesinga



Starfsfólk óskast til starfa við Íþróttamiðstöðina Borg.

Vantar starfsfólk í sumarstörf í 100% stöðu.
Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.
Umsóknum skal skila til forstöðumanns
Íþróttamiðstöðvarinnar á Borg.
Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2018.

Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir

Netfang: rut@gogg.is eða
í síma 899-8841 og 480-5530.

KÓTILETTUKVÖLD

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður auglýsir kótilettukvöld á Minni-Borgum föstudaginn 12. apríl kl. 19:30.

Verð 3.800,- kr. á mann (sama verð og 2017)

Barinn opinn og bjór á tilboði.

Seldir verða happdrættismiðar með glæsilegum vinningum. Miðinn kostar kr. 500,-

Vinsamlegast pantið í síðasta lagi þriðjudaginn 9. apríl hjá Gústa á Stærri-Bæ í síma 863-9131

Allir velkomnir á notalega samverustund.

Með kveðju frá Lionsmönnum



16. Tölvupóstur frá Önnu G. Björnsdóttur, sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem kynnt er íbúalýðræðisverkefni sambandsins og Akureyrarkaupstaðar.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Önnu G. Björnsdóttur, sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. febrúar 2019 þar sem kynnt er íbúalýðræðisverkefni sambandsins og Akureyrarkaupstaðar. Lagt fram til kynningar.

17. Bréf frá Ásmundi E. Daðasyni, félags- og barnamálaráðherra þar sem kynnt er vinna ráðuneytisins í stefnumótun í málefnum barna.

Fyrir liggur bréf frá Ásmundi E. Daðasyni, félags- og barnamálaráðherra þar sem kynnt er vinna ráðuneytisins í stefnumótun í málefnum barna. Bréfið lagt fram til kynningar.

18. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, 184. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

19. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um velferðartækni, 296. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

20. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ofl., (stjórnvaldssektir ofl.), 542. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

21. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um rétt barna sem aðstandendur, 255. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

22. Birt til umsagnar frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Frumvarpið lagt fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 277. stjórnarfundar 18.02 2019.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 194. stjórnarfundar 27.02 2019.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 868. stjórnarfundar, 22.02 2019.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 13.25



Gler
Glass

Best er að safna gleri á hverju heimili og fara svo með á gámastöðina sem er næst þér.



Málmar
Metal

Best er að safna málum á hverju heimili og fara svo með á gámastöðina sem er næst þér.



Hvað flokkast sem málmur?

Málmklát undan matvöru	Metal cans e.g. soup cans
Málmklát af krúkkum	Metal jar lids
Úðubrúsar	Aerosol spray/disenser

Dagskrá í félagsstarfi eldri borgara í Grímsnes– og Grafningshreppi

Apríl

Allir eldri borgarar með lögheimili í sveitarfélaginu eru velkomnir í gjaldfrjálsan mat í mötuneyti Kerhólsskóla.

Hádegisverður hefst klukkan 12:00 og er í boði alla virka daga. Jafnframt verður opið sérstaklega fyrir eldri borgara sveitarfélagsins í Íþróttamiðstöð og er tilvalið að nýta sér aðstöðuna í íþróttamiðstöðinni samhliða því að mæta í mat.

Samverustund er viðburður þar sem hægt verður að hittast, spjalla saman, fá lánaðar bækur og ræða daginn og veginn yfir kaffibolla.

2.-5. apríl

Sæludvöl eldri borgara á hótél Stracta.

Þriðjudagur 2. apríl

11:00 – 12:00 Íþróttasalur og tækjasalur opnir

Fimmtudagur 4. apríl

11:00 – 12:00 og 13:00 -14:00 Sundlaug og tækjasalur opin

Þriðjudagur 9. apríl

11:00 – 12:00 Íþróttasalur og tækjasalur opnir

18:00 – 19:00 Fræðsla frá Slitgigtarskólanum í Félagsheimilinu Borg

Fimmtudagur 11. apríl

11:00 – 12:00 og 13:00 -14:00 Sundlaug og tækjasalur opin

18:00 – 19:00 Fræðsla frá Slitgigtarskólanum í Félagsheimilinu Borg

Þriðjudagur 16. apríl

11:00 – 12:00 Íþróttasalur og tækjasalur opnir

Þriðjudagur 23. apríl

11:00 – 12:00 Íþróttasalur og tækjasalur opnir

12:30 – Samverustund í Félagsheimilinu Borg

Þriðjudagur 30. apríl

11:00 – 12:00 Íþróttasalur og tækjasalur opnir



Fræðsla um slitgigt

Fyrri skipti: þriðjudaginn 9. apríl kl. 18:00 -19:00
Seinna skipti: fimmtudaginn 11. apríl kl. 18:00 -19:00

Félagsheimilinu Borg

Í fræðslunni verður farið yfir helstu ástæður slitgigtar, hvað er slitgigt, meðferðarúrræði og sjálfshjálp.

Kennari og fyrirlesari er Þórfríður Soffía Haraldsdóttir löggildur sjúkráþjálfari. Þórfríður hefur réttindi frá danska slitgigtarskólanum GLA:D (Godt liv med artrose i Denmark).

Eldri borgarar sérstaklega velkomnir

Slitgigt (arthrosis) er algengasti liðasjúkdómurinn og má segja að allir sem lifa fram á efri ár fái þessa gigt. Sjúkdómurinn getur verið mjög hamlandi fyrir einstaklinga og skert lífsgæði þeirra.

Einkenni sjúkdómsins eru fyrst og fremst verkir í liðum, oft tengdir áreynslu. Einkennin eru oftast sveiflukennd og í byrjun er oft um að ræða væg köst tengd áreynslu. Kvöld- og næturverkir eru algengir og einnig finna sjúklingar oft fyrir veðurbreytingum. Smám saman vilja einkennin þó verða meira samfelld en þetta er hægfara sjúkdómur.

Slitgigtarskóli hefur verið starfræktur á Selfossi í rúmt ár við góðar viðtökur og einstaklingar hafa fundið til minni verkja, bætt styrk sinn og hreyfistjórn en einnig minnkað verkjalyfjaskammt.



FUNDARGERÐ.

452. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 20. mars 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. mars 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. mars 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

- a) **Fundargerð 27. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 5. mars 2018.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- b) **Fundargerð 173. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 13. mars 2019.**

Mál nr. 13, 14, 15, 16, 17 og 24 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 173. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 13. mars 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 13: 1902060 - Litli-Kriki; Bildsfell III L170818; Aukið byggingarmagn á lóð; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur tillaga Árna Þorvaldssonar að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi landbúnaðarsvæðis að Bildsfelli III, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í 5. gr. skilmála með gildandi skipulagi er gert ráð fyrir að byggingar á svæðinu megi ekki vera stærri en 500m². Í breytingartillögu er gert ráð fyrir þremur 500 m² húsum í viðbót á 3.05 ha lóð, þannig að heildarbyggingarmagn verði allt að 2000 m².

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að ræða við umsækjanda. Ása Valdís Árnadóttir vék sæti við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 14: 1902037 - Neðra-Apavatn lóð (L169296); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús með risi.

Fyrir liggur umsókn Finnu Birnu Steinsson og Baldurs Hafstað, dags. 1. mars 2019 um byggingarleyfi til að byggja sumarhús með svefnlofti 137,7m² á sumarhúsalóðinni Neðra-Apavatn (L169296) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að undangenginni grenndarkynningu. Tryggja skal að heimild liggi fyrir óheftri aðkomu inn á lóð umsækjanda.

Mál nr. 15: 1902005 - Kónsvegur 16A (L169544); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús.

Fyrir liggur umsókn Áslaugar Ásgeirsdóttur, dags. 4. febrúar 2019 um byggingarleyfi til að byggja sumarhús á tveimur hæðum 287,3 m² á Kónsvegi 16A í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að undangenginni grenndarkynningu.

Mál nr. 16: 1812004 - Grímkeisstaðir 28 L170865, Stækkun sumarhúss; Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Vífils Ingimarssonar um hvort



Ljósmynd Sigurður Bogi Sævarsson



Ljósmynd Gunnar Páll Pálsson

Málþingið – 100 ára hvað svo?

Um gildi frjálsra félagasamtaka í samfélögum

Við kvenfélagskonur viljum þakka þeim sem mættu á Borg eða horfðu á málþingið okkar í gegnum Facebooksíðu félagsins. Kærar þakkir fyrir þátttökuna! Málþingið gaf okkur, og vonandi öðrum félagasamtökum í sveitarfélaginu, innblástur og kraft inn í framtíðina með umræðum og erindum.

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson heiðraði okkur með heimsókn sinni og flutti hvetjandi og kröftugt ávarp. Fundarstjórinn Ketill Berg Magnússon, formaður Almannaheilla, stýrði fundinum frábærlega. Frummælendurnir Ingrid Kuhlman, Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Vilborg Eiríksdóttir og Anna María Snorraddóttir fluttu flott erindi. Gaman var að sjá fjölda gesta sem mættu og tóku þátt í umræðunni. Við segjum einfaldlega TAKK!

Við erum í skýjunum yfir hversu vel allt gekk, höfðum gaman af og bættum klárlega í hamingjubankann okkar með þessu framlagi. Við viljum hvetja þá sem ekki náðu að mæta eða hlusta á streymið í beinni að skella sér inn á Facebooksíðu félagsins (www.facebook.com/kvenfelagrimsneshrepps) og horfa á upptökurnar þar sem eru undir „myndbönd“.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá deginum.



Ljósmynd Sigurður Bogi Sævarsson

leyfi fáiast til að byggja allt að 125 m² frístundahús á lóðinni Grímkelsstaðir 28, lnr. 170865. Lóðin er 2500 m² að stærð. Árið 2017 var búið að samþykkja hús upp á rúmlega 80 m² á lóðinni en hætt var við framkvæmdina. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag á svæðinu.

Sveitarstjórn synjar fyrirspurn umsækjanda.

Mál nr. 17: 1812034 - Kattargil 8 (L170908); Umsókn um byggingarleyfi; Sumarhús – viðbygging.

Lögð fram að nýju umsókn frá Liv Bergþórsdóttur og Sverris Viðars Haukssonar um stækkun á núverandi sumarhúsi í landi Nesja, á lóðinni Kattargil 8. Ekki liggur fyrir gildandi deiliskipulag á svæðinu. Áform eru um að sumarhúsið verði á tveimur hæðum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi fyrir viðbyggingu, þó með fyrirvara um að gerðar verði ráðstafanir til að lækka áhrif hæðar húss (handrið á svölum) og að undangenginni grenndarkynningu.

Mál nr. 24: 1903001F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 96.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. mars 2019.

c) **Fundargerð 60. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 8. mars 2019.**

Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 60. fundargerð stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., dags. 8. mars 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Tæknisvið.

Stjórn Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. leggur til að starfsemi tæknisviðshluta embættisins verði hætt og samþykktir Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. verði endurskoðaðar með a.m.k. tilliti til kostnaðarskiptingar aðildarsveitarfélaganna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti tillögur stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

d) Fundargerð 61. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 13. mars 2019.

Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 61. fundargerð stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., dags. 13. mars 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Byggingarfulltrúi.

Stjórn Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. leggur til að sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna samþykki að gerðar verði þær breytingar innan starfsmannahóps embættisins að Davíð Sigurðsson verði byggingarfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. en Rúnar Guðmundsson verði áfram skipulagsfulltrúi embættisins og byggingarfulltrúi í forföllum Davíðs Sigurðssonar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti tillögur stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

e) Fundargerð 2. fundar Almennavarnarnefndar Árnessýslu, 21. febrúar 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 192. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árneseinga, 18. mars 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð aðalfundar Bergrisans bs., 18. janúar 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Húsnæðisáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps.

Lögð fram til seinni umræðu húsnæðisáætlun fyrir sveitarfélagið skv. reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga nr. 1248/2018. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi húsnæðisáætlun fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp.

21. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, 639. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

22. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir ofl.), 647. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 278. stjórnarfundar 11.03 2019.
- ✓ SASS. Fundargerð 544. stjórnarfundar 01.03 2019.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00



Aukahlutir fyrir tunnur og kör!

Tunnugerði • Teygjur á lok • Veggfestingar



Berghellu 1 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510 • gamar@gamar.is • www.gamar.is

stjórnar sambandsins og minnisblað Sigurðar Á. Snævarrs um skertar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. mars 2019 þar sem kynnt er bókun sambandsins vegna áforma ríkisstjórnarinnar um að skerða tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Jafnframt er lagt fram minnisblað Sigurðar Á. Snævarrs um mat á áhrifum skerðingarinnar á einstök sveitarfélög.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps mótmælir þeim áformum fjármálaráðherra og ríkisstjórnar að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sér í lagi vegna þeirra áhrifa sem skerðingin hefur á framlög til málefna fatlaðs fólks.

- 17. Bréf frá Kristínu Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar þar sem gerð er forathugun á vilja sveitarstjórnar til að gera þjónustusamning við Útlendingastofnun fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.**

Fyrir liggur bréf frá Kristínu Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, dagsett 13. mars 2019 þar sem gerð er forathugun á vilja sveitarstjórnar til að gera þjónustusamning við Útlendingastofnun fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Bréfið lagt fram til kynningar.

- 18. Birt til umsagnar frá Félagsmálaráðuneyti handbók um NPA.**

Birt er til umsagnar frá Félagsmálaráðuneyti handbók um NPA, notendastýrða persónulega aðstoð, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Handbókin lögð fram til kynningar.

- 19. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 86. mál.**

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

- 20. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 90. mál.**

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

- 4. Tómsundastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps.**

Fyrir liggja drög að breyttum reglum fyrir lýðheilsu- og tómsundastyrk Grímsnes- og Grafningshrepps. Í drögnum er styrknum breytt í að vera lýðheilsu- og tómsundastyrkur sem ætlaður er börnum á aldrinum 5 – 18 ára og eldri borgurum 67 ára og eldri til að stunda íþróttar-, æskulýðs- og menningarstarf.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög að lýðheilsu- og tómsundastyrk fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp.

- 5. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Lögð fram samþykkt um meðhöndlun úrgangs til seinni umræðu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samþykkt.

- 6. Tölvupóstur frá Guðrínu Ágústu Unnsteinsdóttur þar sem óskað er eftir að staðfestingargjald vegna útleigu á Félagsheimilinu Borg verði felld niður.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Guðrínu Ágústu Unnsteinsdóttur, dags. 5. mars 2019 þar sem óskað er eftir að staðfestingargjald vegna útleigu á Félagsheimilinu Borg verði felld niður.

Sveitarstjórn synjar erindinu og vísar til gjaldskrár Félagsheimilisins Borgar.

- 7. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Vesturbrúnum 8, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 8. mars 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Vesturbrúnum 8, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við að leyfið verði veitt þar sem lóðin er skipulögð sem frístundabyggð en ekki viðskipta- og þjónustulóð.

- 8. Bréf frá Hannesi Lárussyni f.h. íslenska bæjarins ehf. þar sem óskað er eftir stuðningi við uppbyggingu og nýtingu eignarlóðar að Laxabakka við Sogið.**

Lagt fram að nýju erindi Hannesar Lárussonar f.h. íslenska bæjarins ehf. þar sem óskað er eftir stuðningi við uppbyggingu og nýtingu eignarlóðar að Laxabakka við Sogið. Einnig er lagt fram bréf Sigríðar Önnu Ellerup, lögfræðingi hjá Direkta um eignarhald á Öndverðarnesi 2 lóð 170095.

Sveitarstjórn er jákvæð fyrir enduruppbyggingu og nýtingu núverandi húsakosts.

9. Tölvupóstur frá Bjarna Guðmundssyni, framkvæmdastjóra SASS þar sem sagt er frá kynningar- og samráðsfundi um gerð landskipulagsstefnu.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Bjarna Guðmundssyni, framkvæmdastjóra SASS, dags. 14. mars 2019 þar sem sagt er frá kynningar- og samráðsfundi um gerð landskipulagsstefnu á Selfossi í dag milli kl. 15-17. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Björn Kristinn Pálmarsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

10. Tölvupóstur frá Bjarna Guðmundssyni, framkvæmdastjóra SASS þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn tilnefni tvo kjörna fulltrúa og einn til vara í vinnuhóp um hugmyndir um gerð svæðisskipulag fyrir Suðurrhálendið.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Bjarna Guðmundssyni, framkvæmdastjóra SASS, dags. 8. mars 2019 þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn tilnefni tvo kjörna fulltrúa og einn til vara í vinnuhóp um hugmyndir um gerð svæðisskipulag fyrir Suðurrhálendið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir og Björn Kristinn Pálmarsson verði fulltrúar sveitarfélagsins og Smári Bergmann Kolbeinsson til vara.

11. Tölvupóstur frá Jóhönnu Sigurjónsdóttur, sérfræðingi í Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti þar sem vakin er athygli á álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 9561/2018.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Jóhönnu Sigurjónsdóttur, sérfræðingi í Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, dags. 28. febrúar 2019 þar sem vakin er athygli á álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 9561/2018. Lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. vegna aðalfundar Lánasjóðsins þann 29. mars n.k.

Fyrir liggur bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. þar sem tilgreint er að aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verði haldinn þann 29. mars n.k.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins.

13. Bréf frá Unni Sverrisdóttur, forstjóra Vinnumálastofnunar þar sem kynntir eru möguleikar á að ráða háskólamenntaða atvinnuleitendur með fjárstyrk frá Vinnumálastofnun.

Fyrir liggur bréf frá Unni Sverrisdóttur, forstjóra Vinnumálastofnunar, dagsett 12. mars 2019 þar sem sveitarfélaginu eru kynntir möguleikar á að ráða háskólamenntaða atvinnuleitendur með fjárstyrk frá Vinnumálastofnun. Bréfið lagt fram til kynningar.

14. Bréf frá Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur, forstjóra Skipulagsstofnunar þar sem boðin er þátttaka á samráðsveitvangi um vinnu að viðauka við Landskipulagsstefnu 2015-2026.

Fyrir liggur bréf frá Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur, forstjóra Skipulagsstofnunar, dagsett 13. mars 2019 þar sem sveitarfélaginu er boðin þátttaka á samráðsveitvangi um vinnu að viðauka við Landskipulagsstefnu 2015-2026 þar sem mótuð verði nánari skipulagsstefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu. Bréfið lagt fram til kynningar.

15. Tölvupóstur frá Jóni G. Valgeirssyni, formanni stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands ásamt samkomulagi um samstarf vegna förgunar úrgangs á árinu 2019.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Jóni G. Valgeirssyni, formanni stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, dags. 16. mars 2019 ásamt samkomulagi um samstarf vegna förgunar úrgangs á árinu 2019. Lagt fram til kynningar.

16. Tölvupóstur frá Karli Björnssyni, framkvæmdarstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem kynnt er bókun